

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Stykkishólmi.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi Reitarvegs.

Þann 25. janúar 2024, samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Reitarvegs vegna stækkunar á byggingarreit fyrir sólskála á Sæmundarreit 8. Húsið var reist árið 1906 og stóð áður við Laugaveg 27b í Reykjavík og nýtur samkvæmt því friðunar vegna aldurs, sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2012. Í því felst að óheimilt er að raska húsinu, spilla því eða breyta, rífa eða flytja úr stað. Minjastofnun veitti jákvæða umsögn.

Tillagan var grenndarkynnt 9. október til 6. nóvember síðastliðinn. Skipulagsnefnd fjallaði um og tók afstöðu til athugasemda sem bárust í samræmi við 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 31. janúar 2024.

Kristín Þorleifsdóttir, skipulags- og umhverfisfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 14. febrúar 2024